

# ÞÉTJULL

Steinullarplötur í  
veggi, loft og gólf



**STEINULL**

Steinullarplötur með eða án vindpappa

## Eiginleikar

Þéttull fjaðrar mjög vel en er ekki ætlað að bera neitt álag. Vegna þéttleikans skerst þéttullin vel og fyllir út í grind eða á milli sperra ef hún er skorin 1 cm yfir breidd bils. Við það verður ullin sjálfberandi milli sperranna og ekki nauðsynlegt að strengja vír undir ullina fyrr en stór hluti hennar hefur verið settur upp. Alltaf er ráðlagt að tryggja að ullin geti ekki fallið úr þökum eða brunahólfandi veggjum t.d. með 2 mm vír c/c 300 mm eða timburlektum.

Þéttullarplötur eru í þægilegri stærð og auðvelt fyrir einn mann að skera þær og meðhöndla. Mikilvægt er að þrýsta plötunum vel saman og hægt er að renna þeim til í grind ef þykkt er ekki mikil.

Mikilvægt er að tryggt sé að einangrunin geti ekki sigið í einangrunarbilinu undan eigin þyngd eða titringi. Þéttull stendur sérlega vel í grind og er æskilegt val þegar einangra á í timburveggi og þök með halla yfir 30 gáður.

Þéttullin er rakavarin og dregur ekki í sig raka, efnið blotnar ef það verður fyrir vatnsálagi en þolir það án þess að skemmast. Raki sem kemst í ullina rennur fljótt úr og hún þornar því auðveldlega ef hún er höfð í þurri geymslu. Aldrei skal setja blauta einangrun í byggingarhluta því rakinn getur skemmt önnur byggingarefni. Einangrunin er mjög opin fyrir rakaflæði og hleypir raka auðveldlega í gegn.

## Þéttull með vindvörn

Til að einangrun nýtist sem best þegar á reynir skiptir miklu að hús og byggingarhlutar séu vindþétt. Léttu einangrun með rúmþyngd 22 – 50 kg/m<sup>3</sup> þarf í öllum tilfellum að vindverja.

Þéttull er einnig framleidd með áföstum vindpappa sem opinn er fyrir rakaflæði eins og ullin og hentar ágætlega sem vindvarnarlag á einangrun í þökum og útveggjum.

Í óþéttu húsi minnkar einangrunargildi vegna loftreyfinga í byggingarhlutum og óeðlilega stór hluti hitunarorkunnar tapast með loftskiptum.

Í óþéttu húsnæði getur orkutap orðið svo mikið í kaldri og vindasamri tið að hitakerfi hússins nær ekki að halda hæfilegum innihita í húsinu.

## Lýst leiðnitala


Leiðnitala byggingarefna er mæld á rannsóknarstofum og gefin upp í einingunni W/mK. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um CE merkingu byggingarvara og 5. hluta byggingarreglugerðar nr. 112/2012 er skylt að einangrunarefni á markaði hérlendis sé CE vottað. Steinull hf. hefur fengið þessa vottun.

Samkvæmt þessum staðli er framleiðanda skylt að sýna fram á tiltekinn fjölda mælinga til að geta gefið staðfesta leiðnitölu efnis (lýsta leiðnitölu<sub>D</sub>) sem þepast á 0,001 W/mK. Þá er einnig gerð krafa um að gefin sé upp varmamótstaða einangrunar á merkimiða pakkningar sem miðast við þykkt einangrunar í pakkningu R<sub>D</sub>. Varmamótstaða þepast á 0,05 m<sup>2</sup>K/W.

Lýst leiðnitala er alltaf hæri heldur en mæligildi, hversu miklu munar fer eftir einstökum efnum. Mæld leiðnitala þéttullar er 0,034 W/mK en lýst leiðnitala er 0,037 W/mK. Í staðli ÍST 66 um útreikning U-gildis byggingarhluta eru síðan fleiri atriði sem tekið er tillit til og hafa áhrif á endanlegt einangrunargildi byggingarhlutans.

## Einangrunargildi byggingarhluta

Einangrunargildi byggingarhluta (U-gildi) fer eftir uppbyggingu og hvaða einangrunarefni er valið og í hvaða þykkt. U-gildi segir til um hve mikil orka tapast á fermetra ef hitastigsmunur úti og inni er 1°C. Því lægra sem U-gildið er því betra er einangrunargildi byggingarhlutans. Einangrunargildi er fundið út frá leiðnitölu einstakra efna og vegur þar oftast þyngst leiðnitala einangrunarefnisins. Leiðnitala efna gefur upplýsingar um einangrunargildi þeirra, hliðstætt þeim upplýsingum sem U-gildi gefur um byggingarhlutann í heild.



## Útreikningur á U-gildi, með vísan í ÍST 66

$$1/U' = R_{si} + R_{se} + \sum_{i=1}^n R_i$$

**U'** er óleiðréttur varmatapsstuðull í W/m<sup>2</sup>K

**R<sub>si</sub>** er innra yfirborðsviðnám m<sup>2</sup>K/W

**R<sub>se</sub>** er ytra yfirborðsviðnám m<sup>2</sup>K/W

**R<sub>i</sub>** er viðnám efnislags m<sup>2</sup>K/W

Að teknu tilliti til leiðréttigar á samsetningu einangrunar, festinga og annars er U-gildi

$$U = U' + \Delta U, \text{ eining W/m}^2\text{K}$$

**U** er endanlegur varmatapsstuðull, e.t.v. leiðrétt W/m<sup>2</sup>K

**ΔU** er leiðrétti, gefin upp í staðli.

**U-gildi** er gefið upp með tveimur aukastöfum.

## Varmamótstaða


R<sub>D</sub> segir til um hve mikil mótsstaða er fyrir varmaflæði í gegnum viðkomandi þykkt einangrunarlags.

$$R_D = d_N / \lambda_D, \text{ eining m}^2\text{K/W}$$

**d<sub>N</sub>** er þykkt efnislags í metrum

**λ<sub>D</sub>** er leiðnitala efnis W/mK

Þegar á að ná fram vel einangruðum og hlýjum vistarverum nægir ekki eingöngu að nota mikla einangrun. Vanda þarf allan frágang einangrunar svo ekki séu raufar á samskeytum einangrunar-efnis og milli einangrunar og grindar eða þaksperra.



Óheppilegur frágangur einangrunar getur rýrt einangrunargildið um allt að 20 – 30%

Þegar einangrun fyllir vel út í grind nýtist það í hærra einangrunargildi byggingarhlutans og ekki siður bættri hljóðeinangrun.

## Hljóðeinangrun


Í 11. hluta byggingarreglugerðar nr. 112/2012 eru settar kröfur um hljóðeinangrun með vísan í ÍST 45. Auk þess er æskilegt að hljóðeinangra á ýmsum stöðum, án þess að þess sé krafist í byggingarreglugerð.

### Sem dæmi má nefna:

1. Hljóðeinangrun innan íbúðar
2. Hljóðeinangrun milli almennra skrifstofuherbergja
3. Hljóðeinangrun milli fyrirtækja í verslun og þjónustu

Milli svefnherbergja ætti hljóðeinangrunargildi (R'w) að vera a.m.k. 40 dB þótt enn meiri hljóðeinangrun sé að sjálfsögðu æskileg. Sama gildir um hljóðeinangrun milli svefnherbergja og stofu. Milli almennra skrifstofuherbergja ætti að miða við að lágmarki 40 dB einangrunargildi vilji menn merkja umtalverðan árangur og þar sem gerðar eru meiri kröfur, eins og milli fundaherbergja ætti hljóðeinangrunargildið að ná 44 – 48 dB. Milli fyrirtækja ætti ávallt að miða við 48 dB lágmarkshljóðeinangrunargildi.


### Lagnir í vegg



### Frágangur er mikilvægar

Gæta verður þess að því betur sem veggur hljóðeinangrar þeim mun mikilvægari verður allur frágangur. Þéttigar verða að vera góðar og gæta verður þess að hindra hjáleidslu hljóðs um aðlæga byggingarhluta, t.d. með því að rjúfa einfaldar plötuklæðningar sem ganga þvert á skilvegginn.

Þessar tilteknu hljóðeinangrunarkröfur er auðvitað hægt að uppfylla á miklu fleiri vegu en unnt er að sýna hér. Upplýsingar um fleiri veggjagerðir má fá í ýmsum handbókum.



# Væntanleg hljóðeinangrun byggingarhluta á verkstað R'w dB

Veggur 1		
A	B	C
33-35 96 mm veggur 13 mm gifsplata 70 mm holrúm 13 mm gifsplata Brunamótstaða El 30	37-40 96 mm veggur 13 mm gifsplata 45 mm steinull 25 mm holrúm 13 mm gifsplata Brunamótstaða El 30	39-43 96 mm veggur 13 mm gifsplata 70 mm steinull 25 mm holrúm 13 mm gifsplata Brunamótstaða El 30

Veggur 2		
A	B	C
38-41 122 mm veggur 2 x 13 mm gifsplata 70 mm holrúm 2 x 13 mm gifsplata Brunamótstaða El 60	43-46 122 mm veggur 2 x 13 mm gifsplata 45 mm steinull 25 mm holrúm 2 x 13 mm gifsplata Brunamótstaða El 60	44-49 122 mm veggur 2 x 13 mm gifsplata 70 mm steinull 2 x 13 mm gifsplata Brunamótstaða El 60

Veggur 3		
A	B	C
40-42 147 mm veggur 2 x 13 mm gifsplata 95 mm holrúm 2 x 13 mm gifsplata Brunamótstaða El 60	46-48 147 mm veggur 2 x 13 mm gifsplata 45 mm steinull 50 mm holrúm 2 x 13 mm gifsplata Brunamótstaða El 60	49-51 147 mm veggur 2 x 13 mm gifsplata 95 mm steinull 2 x 13 mm gifsplata Brunamótstaða El 60

R'w gildi á verkstað er skilgreint þannig að byggingarhlutinn á að geta uppfyllt uppgefna dB-tölu í lofhljóðeinangrun (R'w - gildi) á sínum stað í byggingu við venjulegar aðstæður og með venjulegum frágangi. Ef lofhljóðeinangrun byggingarhlutans er mæld á tilraunastofu er gildið sem þar fæst Rw og yfirleitt er reiknað með að tilraunastofugildi sé ca 4-5 dB hærra en það gildi sem mælist á staðnum.

## STEINULLARTEGUND: PÉTTULL MED OG ÁN VINDPAPPA

NAFPÝNGD	PRÝSTIPOL	NOTAHITASTIG	LEIÐNITALA	BRUNAFLOKKUN	CE MERKING
			200 °C	0,037 W/mK	

## Péttull án vindpappa


STYKKI MM			PAKKI			BRETTI Í FLUTNING			VARMA-MÖTSTAÐA	
ÞYKKT	BREIDD	LENGD	STK.	M <sup>2</sup>		PAK.	M <sup>2</sup>	M <sup>3</sup>	M <sup>2</sup> KW	
45	570	1200	12	8,21		32	262,66	6,86	1,20	
45	600	1200	12	8,64		32	276,48	7,22	1,20	
70	570	1200	8	5,47		32	175,10	6,74	1,85	
70	600	1200	8	5,76		32	184,32	7,10	1,85	
95	570	1200	6	4,10		32	131,33	6,73	2,55	
95	600	1200	6	4,32		32	138,24	7,09	2,55	
120	570	1200	5	3,42		32	109,44	6,83	3,20	
145	570	1200	4	2,74		32	87,55	6,87	3,90	
170	570	1200	3	2,05		32	65,66	6,80	4,55	
195	570	1200	3	2,05		32	65,66	6,78	5,25	

Veggur (uppištöður úr 0,56 mm stálprófilum)	Rw dB (tilrauna-stofugildi)	C <sub>50-5000</sub> dB	R'w (væntanlegt gildi á verkstað)	R'w+ C <sub>50-5000</sub> dB (á verkstað)	fráráttur vegna tréuppsíða
<b>Veggur 1</b>					
A E75 101 M0	37-39		33-35	30-32	
B E75 101 M45	41-44	- 3 dB	37-40	34-41	ca. 4 dB
C E75 101 M70	43-47		39-43	36-40	
<b>Veggur 2</b>					
A E75 202 M0	42-45		38-41	35-38	
B E75 202 M45	47-50	- 3 dB	43-46	40-43	ca. 4 dB
C E75 202 M70	48-53		44-49	41-46	
<b>Veggur 3</b>					
A E100 202 M0	44-46		40-42	36-38	
B E100 202 M45	50-52	- 4 dB	46-48	42-44	ca. 4 dB
C E100 202 M70	53-55		49-51	45-47	

Taflan sýnir hljóðeinangrun veggja sem klæddir eru með 13 mm gifsplötum og með stálleiðurum, c/c 600 mm.

Útskýring á töflu: E = uppistaða, 101 = 1+1 gifsplata, 202 = 2+2 gifsplötur og talan á eftir staðnum M gefur til kynna þykkt steinullarplötunnar.

Dæmi: E75 101 M45 = 75 mm uppistaða, 1+1 lag af 13 mm gifsplötu og 45 mm þykkt steinullarplata.



## Péttull með vindpappa

STYKKI MM			PAKKI			BRETTI Í FLUTNING			VARMA-MÖTSTAÐA	
ÞYKKT	BREIDD	LENGD	STK.	M <sup>2</sup>		PAK.	M <sup>2</sup>	M <sup>3</sup>	M <sup>2</sup> KW	
95	560	1200	6	4,03		32	129,02	6,74	2,55	
120	560	1200	5	3,36		32	107,52	6,84	3,20	
145	560	1200	4	2,69		32	86,02	6,87	3,90	
170	560	1200	3	2,02		32	64,51	6,81	4,55	
195	560	1200	3	2,02		32	64,51	6,81	5,25	



STEINULL

SAUÐÁRKRÓKI

• Sími 455 3000 • steinull@steinull.is • www.steinull.is

